

1866.

17. febrúar.

vinnukostnaðinn til greina, þá álitíð þér að færa eigi niður tekjurnar af eyjunni árið 1861 úr 115 rd. 12 sk. í 65 rd. 90 sk. og árið 1862 úr 114 rd. 16 sk. í 65 rd. 50 sk.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjöríð ráðstafanir þær, er þörf er á, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar um þetta efni, svo að eigandi jarðarinnar Brautarholts þarf ekki að gjalda neinn alþingistoll fyrir árin 1861 og 1862 af afgangi því, sem hann hefir fengið af þurrabúðunum í Brautarholti, en að honum aptur á móti ber að gjalda 5 rd. 48 sk. í alþingistoll af arðinum af Andriðsey fyrir árið 1861 og 1 rd. 57 sk. fyrir árið 1862. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir skorað á hina amtmennina að skýra frá álitinu sínu um, hvernig skera eigi úr spurningum sama efnis og þær, sem þér hafið borið upp, og getið þér búizt við seinna að fá ítarlegri úrskurð frá stjórnarráðinu um það.

20. febrúar. 16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhags-árið 1866—67.

(Þetta bréf er samhljóða bréfi dómsmálastjórnarinnar 18. marzmán. 1865 á 160. bls. hér að framan.)

21. febrúar. 17. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi um, hvernig verja skuli leigunum af kollektusjóði Jóns Eiríkssonar.

Í bréfi dags. 18. febrúarmán. f. á. skoraði kirkju- og kennslustjórnin á yður, háæruverðugi herra, ásamt með amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, að taka til íhugunar og senda síðan stjórnarráðinu álitsskjal ykkar um það, hvort ekki þækti best henta að skipta eptirleiðis upp öllum leigunum, 260 rdl., af hinum svonefnda kollektusjóði Jóns Eiríkssonar, milli 3 eða 4 allralökustu brauðanna í norðurumdæminu, í stað